

Vinnuskóli sveitarfélaga

fræðsla – öryggi
- ábyrgð



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Ásamt leiðbeiningum um:

- ✓ Endurmat ungmenna á vinnuskólanum
- ✓ Sjálfsrýni ungmenna

... og annað áhugavert efni um starfsemi vinnuskóla



Handbók vinnuskóla
apríl 2021
@umboðsmaður barna

Síðast uppfært: Vor 2021

Efnisyfirlit

Fræðsla, öryggi og ábyrgð	4
Regluverk um vinnu barna og ungmenna	4
Kjarasamningar og almenn ákvæði vinnumarkaðslaga.....	4
Viðmiðunarreglur vinnuskóla	4
Hlutverk og skilgreining.....	5
Áhættumat	5
Fræðsla um öryggi.....	6
Slysatryggingar og tilkynningar slysa.....	7
Endurgjöf og samráð	7
Handbók um vinnuskóla	9
Áhugavert efni um starfsemi vinnuskóla	9
Sjálfsrýni og endurgjöf ungmenna í vinnuskóla.	10
Vinnuskóli: Sjálfsrýni og endurgjöf.....	12
Hvað finnst ungmennunum um vinnuskólann?.....	13
Dæmi um spurningar sem endurmatið gæti innihaldið:	14
Endurmat – foreldrar	16
Hvernig fyrirmynd ætlar þú að vera í sumar?	17
Minnispunktur við skipulagningu vinnuskóla.....	17
Ef þú ætlar að ræða við ungmenni um störf þeirra	19

Fræðsla, öryggi og ábyrgð

Umboðsmaður barna stóð fyrir könnun árið 2018 meðal sveitarfélaga um vinnuskóla sem reknir eru á þeirra vegum og í janúar 2019 gaf umboðsmaður út skýrslu með niðurstöðum könnunarinnar. Niðurstöður leiddu í ljós að skerpa þarf á því regluverki er tekur til reksturs vinnuskólanna auk þess sem auka þarf meðvitund sveitarfélaga um ábyrgð þeirra, einkum hvað varðar öryggis- og fræðslumál. Þá þarf að bæta leiðbeiningar til sveitarfélaga um hlutverk, skipulagningu og framkvæmd vinnuskólans. Það er einnig mikilvægt að leitað verði leiða til samstarfs og samræmingar á þessu sviði þannig að hægt sé að stuðla að auknu samræmi á verklagi og starfsemi vinnuskóla milli sveitarfélaga.

Regluverk um vinnu barna og ungmenna

Um vinnu barna og ungmenna er fjallað í X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga. Á nokkrum stöðum í reglugerð um vinnu barna og unglunga eru tilgreindar reglur sem taka sérstaklega til vinnuskóla sveitarfélaga.

Kjarasamningar og almenn ákvæði vinnumarkaðslaga

Vinnuskólar eru undanþegnir gildissviði kjarasamninga og laun ungmenna í vinnuskólum sveitarfélaga fara eftir ákvörðun sveitastjórnar. Almenn ákvæði vinnumarkaðslaga taka hins vegar til þessarar starfsemi svo sem lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979. Samkvæmt niðurstöðum könnunar umboðsmanns barna ríkir nokkur óvissa um réttarstöðu ungmenna í vinnuskólum og standa mörg sveitarfélög í þeirri trú að þau njóti ekki ákveðinna réttindi svo sem veikindaréttar en það gera þau á grundvelli 6. gr. laga nr. 19/1979.¹

Viðmiðunarreglur vinnuskóla

Leiðbeinandi viðmiðunarreglur um vinnuskóla voru gefnar út árið 2012 og var það gert í samræmi við bókun við kjarasamningsgerð sveitarfélaga, almennra stéttarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga

¹ Löggin taka jafnt til ótímabundinna sem tímabundinna ráðningarsamninga en það hefur Hæstiréttur áréttað sbr. Hrd. 378/1995.

árið 2011. Í viðmiðunarreglunum er fjallað um inntak starfsins, áhættumat og forvarnir, upplýsingaskyldu, flokkstjóra, vinnutíma og launakjör.

Hlutverk og skilgreining

Flest sveitarfélög starfrækja vinnuskóla fyrir ungmenni yfir sumartímamenn en það er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga. Það er mikilvægt að sveitarfélög séu meðvituð um hvert markmið vinnuskólans er en honum er ætlað að gefa börnum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu.

Í könnun umboðsmanns barna frá 2018 kemur fram að sveitarfélög skilgreini starfsemi vinnuskólans með mismunandi hætti en meirihluti sveitarfélaga skilgreinir starf ungmenna í vinnuskólanum sem þátttöku á vinnumarkaði. Það er mikilvægt að starfsemi vinnuskóla sveitarfélaga sé skilgreind með sama hætti meðal sveitarfélaga, sérstaklega þar sem starfsemi þeirra er undanþegin gildissviði kjarasamninga og börn njóta því ekki þeirra réttinda og bera ekki þær skyldur sem þar er kveðið á um. Með samræmdri skilgreiningu er betur hægt að tryggja stöðu barna og ungmenna í vinnuskólum og að farið sé að þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Áhættumat

Þegar vinna ungmenna er skipulögð á alltaf að leggja áherslu á öryggi og að andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirra sé ekki stefnt í hættu. Sveitarfélögum ber að framkvæma skriflegt áhættumat áður en ungmenni hefja störf í vinnuskólum og þegar verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sveitarfélög þurfa einnig að bregðast við áhættumati og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi ungmenna.

Þegar áhættumat er framkvæmt ber m.a. að greina mögulega áhættu og skoða búnað sem tengist starfinu og meðhöndlun hans og einnig hvernig ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið. Við mat á áhættu skal sérstaklega taka tillit til hættu sem getur stafað af ungum aldri, skorts á reynslu og takmarkaðri meðvitund um hættur starfsins. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal sveitarfélagið sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna.

Það er grundvallar atriði að sveitarfélög bregðist við áhættumati með því að gera viðeigandi ráðstafanir til þess tryggja öryggi ungmenna. Slíkar ráðstafanir geta m.a. falist í því að tryggja viðeigandi öryggisbúnað svo sem hanska, öryggisskó og heyrnarhlífar sem nota ber við slátt. Það

er skylda sveitarfélaga að sjá til þess að allur öryggisbúnaður sé til staðar og að farið sé eftir fyrirmælum um notkun hans.

Þrátt fyrir að kveðið sé á um skyldu um framkvæmd áhættumats með skýrum hætti í 63. gr. e. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 5. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga leiddi könnun umboðsmanns barna í ljós að meirihluti sveitarfélaga hefur ekki sinnt þessari skyldu og framkvæmt áhættumat á starfi vinnuskólans. Það er alvarlegt að sveitarfélög skuli ekki uppfylla lögbundnar skuldbindingar sínar um framkvæmd áhættumats og brýnt að bætt verði úr þannig að öryggi barna sé raunverulega tryggt í vinnuskólum sveitarfélaga. Þá er jafnframt ljóst að auka þarf eftirlit með því að sveitarfélög sem og aðrir aðilar sem ráða börn til vinnu uppfylli þessi skilyrði. Vinnueftirlit ríkisins ætti að sinna slíku eftirliti enda ber því að annast eftirlit með framkvæmd laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fræðsla um öryggi

Atvinnurekanda ber að tryggja að ungmenni fái fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar, samkvæmt 6. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga, þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi þeirra eða heilsu. Jafnframt á að kynna fyrir ungmennum þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði. Í reglugerð þyrfti einnig að vera kveðið á um skyldu atvinnurekenda til þess að kynna niðurstöður áhættumats fyrir ungmennum þegar þau hefja störf.

Sveitarfélögum ber einnig að kynna foreldrum og forsjáraðilum ráðningarkjör, lengd vinnutíma og tíðni óhappa og slysa sem hugsanlega tengjast starfinu. Þá á að kynna niðurstöður áhættumats og þær ráðstafanir sem gerðar eru til þess að auka öryggi og heilbrigði ungmenna. Upplýsingaskylda þessi snýr að foreldrum þeirra barna sem eru undir 15 ára aldri og barna sem eru í skyldunámi.

Vinna í vinnuskólum á að fara fram undir eftirliti einstaklings sem orðinn er 18 ára og hefur nægilega innsýn í eðli vinnunnar. Sveitarfélögum ber að sjá til þess að þeir sem fari með verkstjórn í vinnuskólum fái sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga. Í leiðbeinandi viðmiðunareglum um vinnuskóla sveitarfélaga frá 2012 kemur fram að Sveitamennt, sem er starfsmenntunarsjóður Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafi ákveðið að leita til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um að setja saman námskrá fyrir flokkstjóra vinnuskólana með það að markmiði að auðvelda sveitarfélögum að rækja skyldur sínar hvað varðar undirbúning og fræðslu til þeirra sem fara með verkstjórn innan vinnuskóla

sveitarfélaga. Einnig stóð til að námskeið samkvæmt slíkri námskrá yrði í boði á hverju vori í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landinu. Umboðsmaður barna veit ekki til þess að slík námskrá hafi verið útbúin né námskeið haldin. Er það miður og er mikilvægt að bætt verði úr því þannig að hægt sé að auðvelda öllum sveitarfélögum að standa við skuldbindingar sínar um undirbúning og fræðslu leiðbeinenda.

Slysatryggingar og tilkynningar slysa

Samkvæmt niðurstöðum könnunar umboðsmanns barna tryggir mikill meirihluti sveitarfélaga þátttakendur vinnuskólans gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir í starfinu. Þetta er gert með mismunandi hætti en engar ákveðnar reglur gilda um tryggingar á þessu sviði. Almennt er því svo farið að atvinnurekendum ber samkvæmt kjarasamningi að slysatryggja starfsmenn sína. Starfsemi vinnuskóla sveitarfélaga er undanskilin gildissviði kjarasamninga og því nær sú skylda sem þar er kveðið á um ekki til ungmenna í vinnuskólum. Það má hins vegar öllum vera ljóst hve mikilvægt það er að öll ungmenni séu sjúkratryggð við störf í vinnuskólum og að það sé ekki komið undir hverju og einu sveitarfélagi að ákveða hvort það sé yfirhöfuð gert. Það myndi styrkja réttarstöðu ungmenna ef kveðið væri á um slíka skyldutryggingu sveitarfélaga í reglugerð um vinnu barna og ungmenna.

Sveitarfélögum sem og öðrum atvinnurekendum ber að skrá og tilkynna slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í a.m.k einn eða fleiri daga auk þess dags sem slysið varð. Það sama á við um slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni sbr. 78. og 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það er mikilvægt að sveitarfélög séu meðvituð um þessa skyldu sína og tilkynni slys til Vinnueftirlitsins. Í leiðbeinandi viðmiðunarreglum vinnuskóla sveitarfélaga frá 2012 er ekki fjallað um skyldu sveitarfélaga til þess að tilkynna né skrá slys. Er það miður þar sem full ástæða er til þess að áréttta mikilvægi þess að sveitarfélög sinni þessum skyldum sínum.

Endurgjöf og samráð

Umboðsmaður barna stóð fyrir könnun árið 2018 meðal sveitarfélaga um vinnuskóla sem reknir eru á þeirra vegum og í janúar 2019 gaf umboðsmaður út skýrslu með niðurstöðum könnunarinnar. Niðurstöður leiddu í ljós að fæst sveitarfélög veita ungmendum endurgjöf að starfi loknu þrátt fyrir að tilgangur vinnuskóla sé m.a. að veita ungmendum fræðslu og undirbúning fyrir þátttöku á

almennum vinnumarkaði. Fá sveitarfélög hafa jafnframt samráð við ungmenni um væntingar þeirra til vinnuskólans og almennt er þeim ekki veitt tækifæri til þess að lýsa reynslu sinni af þátttöku. Það er nauðsynlegt að virkt samráð sé haft við ungmenni, um væntingar og reynslu þeirra af þátttöku í vinnuskólanum. Enda er það réttur barna að vera höfð með í ráðum og skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Með það að leiðarljósi hefur embætti umboðsmanns barna látið útbúa meðfylgjandi leiðbeiningar um rýni og endurmat ungmenna á vinnuskólum sveitarfélaga.

Handbók um vinnuskóla

Leiðbeiningar um rýni og endurmat ungmenna á vinnuskólum sveitarfélaga.

Áhugavert efni um starfsemi vinnuskóla

- Félagsmálaráðuneyti: Reglugerð um vinnu barna og unglinga 426/1999
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/426-1999>
- Dæmi um starfsreglur vinnuskóla: Sjá dæmi:
Akureyrarbær <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/vinnuskoli/starfsreglur>
- Dæmi um vinnureglur leiðbeinenda: Sjá dæmi:
Akureyrarbær: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/vinnuskoli/vinnureglur-leidbeinenda>
- Skýrsla Umboðsmanns barna um vinnuskóla
https://issuu.com/umbodsmadurbarna/docs/skrsla_um_vinnuskolann?fbclid=IwAR3-QtrOIFkr_CnGkuPhyuDdlFhxWCvufe4vzUpq09306u-7e6hulxHEmSU
- Heimasíða Vinnuskóla Reykjavíkur: <http://vinnuskoli.is>
- Upplýsingar frá vinnueftirlitinu: <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/vinna-barna-og-unglinga/>
- Dæmi um handbækur vinnuskóla: Sjá dæmi:
Vogar: <https://www.vogar.is/static/files/Vinnuskolinn/handbok-vinnuskolans-2020-vogar.pdf>

Sjálfsrýni og endurgjöf ungmenna í vinnuskóla.


Leiðbeiningar um notkun eyðublaðs

Til þess að þetta eyðublað nýtist sem best er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga::

- Markmið vinnuskóla er að gefa börnum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu.
 - Kynna þarf þessi markmið fyrir ungmennum áður en þau hefja störf.
 - Frá fyrsta degi eiga ungmenni að vita til hvers sé ætlast af þeim í starfinu.
 - Á fyrsta starfsdegi ætti flokkstjóri að kynna eyðublaðið fyrir ungmennunum.
1. Útskýrið fyrir hópnum hvað þið eruð að fara að gera og að þau eigi að setja sér markmið fyrir starfstímabilið. Hvetjið þau til þess að vanda sig og svara af kostgæfni. Þau eru flest öll að hefja starfsferil sinn og þá er gagnlegt að gera þeim grein fyrir tækifærinu sem felst í því að standa sig vel í starfi.
 - a. Kynnið eyðublaðið vel fyrir þátttakendum. Fullvissið ykkur um að allir hafi skilning á því sem kemur þar fram og viti hvernig eigi að svara. Eftir að þau eru sjálf komin með blöð og skriffæri verður erfiðara að fanga athygli þeirra.
 2. Það er æskilegt að allir geti setið þannig að ekki sjáist á blöð sessunauta. Afhendið hverju ungmenni útprentað blað og skriffæri.
 - a. Það getur verið snjallt að eiga auka eintak og hengja upp á vegg, t.d. þar sem þau mæta til vinnu. Skjalið verður þar af leiðandi dagleg áminning um markmið starfsins. Einnig mætti t.d. senda foreldrum tómmt eyðublað til kynningar.
 3. Gefið þátttakendum tíma til að ígrunda svör sín.
 - a. Það er gagnlegt að flokkstjórar gangi á milli og spyrji hvern og einn opinna spurninga t.d. „hvers vegna ...?“ og „af hverju ...?“ Helst ekki spyrja lokaðra spurninga, þ.e.a.s. sem hægt er að svara með einu „já“ eða „nei“.
 - b. Flokkstjórar ættu að sýna að þeir hafið áhuga á svörum þátttakenda án þess að hafa áhrif á svör þeirra.
 - c. Athugið - ef þið þekkið markmið þátttakenda vel mun það auðvelda ykkur að hvetja þau áfram síðar meir.
 4. Safnið blöðunum saman og geymið þau á öruggum stað t.d. í læstum skáp. Það er áriðandi að tryggja að enginn skoði blöðin.
 5. Þegar tímabilið er hálfnað er ferlið endurtekið með aðeins breyttu sniði.
 - a. Á þessum tímamarki er einnig mjög jákvætt að gefa ungmennum kost á að tjá sig umvinnuskólann og nýta ætti svörin til að gera breytingar á seinni helmingi tímabilsins. Sjá nánar í kaflanum „Endurmat“.
 6. Áður en þátttakendur fá blöð og skriffæri getið þið nýtt tækifærið og kynnt næsta skref fyrir þeim, sem er að meta störf fyrri tímabils.

7. Hér er upplagt að spyrja hópinn spurninga líkt og „hvað höfum við verið að gera undanfarnar tvær vikur?“
8. Allir fá blað sitt og skriffæri og fylla út sjálfsmatið og endurmatið, og klippa út. Endurmatinu skila þau til flokksstjóra.
 - a. Spyrjið þau hvað endurmat er og verið viss um að þau átti sig á því að þau geti haft áhrif á vinnuskólann í gegnum svör sín. Látið þau vita að það sé þeim sjálfum fyrir bestu að vera einlæg í mati á eigin störfum og upplýsið þau um að matið hafi ekki áhrif á laun og er gert til að gefa þeim hugmynd um veikleika sína og styrkleika sem starfsfólk. Það verði síðan áhugavert fyrir þau að bera sjálfsmatið saman við mat þeirra á eigin störfum við lok tímabilsins. Ítrekið að þetta skjal sé þeirra eign og að gögnum verði ekki dreift.
9. Við starfslok, er ferlið endurtekið. Nú meta ungmenni störf sín og viðhorf á seinni helmingi vinnutímabilsins. Hér þurfið þið einnig skæri. Nú fá þátttakendur aftur að skila endurmati á vinnuskólanum.
 - a. Yfirmenn eru hvattir til að ganga á milli og veita hverjum og einum athygli. Einnig má við þetta tækifæri fá ungmenni á stuttan fund með yfirmanni og spyrja ungmennið spurninga eins og hvernig hefur þér þótt að starfa í vinnuskólanum? Hvernig hefur þú staðið þig sem starfsmaður? Hver er þinn skilningur á markmiðum vinnuskólans? Viltu koma einhverju á framfæri varðandi tímabilið/vinnuskólann? Sjá minnispunkta um slík samtöl hér fyrir neðan.
10. Yfirmenn safna blöðum saman og gefa sér tíma til að semja meðmæli fyrir ungmennin. Drög að slíkum meðmælum ættu að vera tilbúin áður en þátttakendur fylla út þriðja og síðasta dálkinn.
 - a. Um leið og því er lokið getið þið svo skrifað meðmælin á blaðið þeirra. Best er að afhenda ungmennunum bréfið áður en þau fara heim síðasta vinnudaginn og gefa þeim tækifæri til að koma spurningum á framfæri um meðmælin.
11. *Ef þið viljið gera þetta rafrænt þá getið þið t.d notað spurningarnar á eyðublaðinu á næstu blaðsíðu og útbúið rafræna könnun, t.d. Survey Monkey eða Google forms.*

Gangi ykkur vel!




A. Töl fyrirmyndar
E. Óviðunandi
B, C, D. Þar á milli

Á þessa kvarða ætla þú að:

- ✓ Skrá markmið þín í upphafi starfs.
- ✓ Skrá þitt eigið mat á þínum störfum og viðhorfi þegar tímabilið er hálfnað og við starfslok.


Tómur kvarði merkir óviðunandi og útfylltur merkir til fyrirmyndar. Gættu þess að skrá mat þitt vandlega á kvarðana. Þar að auki er í góðu lagi að skrifa athugasemdir þínar við kvarðana. Þetta blað er þín eign, yfirmaður þinn geymir það þar til þú færð það afhent við starfslok.

Hvernig er framkoma þín við samstarfsfélaga?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gætir þú að því að fá nægan svefn?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gefðu vandvirkni þinni einkunn.




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Ferðu vel með eigur sveitarfélagsins?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Eigið markmið:




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Sýnir þú frumkvæði?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Hver eru afköst þín í starfi?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gætir þú að öryggi?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Ertu stundvís?



Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Fylgir þú fyrirmælum?



Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Útfyllist af yfirmanni: Meðmæli um starfsmann:


Undirskrift yfirmanns, símanúmer og dags.:

Stundvís: mjög góð/viðunandi/óviðunandi



Vinnuskóli: Sjálfsrýni og endurgjöf. Þetta blað er eign:

Tímabil:




A. Töl fyrirmyndar
E. Óviðunandi
B, C, D. Þar á milli

Á þessa kvarða ætla þú að: fylgir þú fyrirmælum hvernig er framkoma þín við samstarfsfélaga eigið markmið

- ✓ Skrá markmið þín í upphafi starfs.
- ✓ Skrá þitt eigið mat á þínum störfum og viðhorfi þegar tímabilið er hálfnað og við starfslok.


Tómur kvarði merkir óviðunandi og útfylltur merkir til fyrirmyndar. Gættu þess að skrá mat þitt vandlega á kvarðana. Þar að auki er í góðu lagi að skrifa athugasemdir þínar við kvarðana. Þetta blað er þín eign, yfirmaður þinn geymir það þar til þú færð það afhent við starfslok.

Hvernig er framkoma þín við samstarfsfélaga?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gætir þú að því að fá nægan svefn?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gefðu vandvirkni þinni einkunn.




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Ferðu vel með eigur sveitarfélagsins?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Eigið markmið:




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Sýnir þú frumkvæði?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Hver eru afköst þín í starfi?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Gætir þú að öryggi?




Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Ertu stundvís?



Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Fylgir þú fyrirmælum?



Markmið
Tímabil
Starfs-
í upphafi hálfnað lok

Útfyllist af yfirmanni: Meðmæli um starfsmann:

Undirskrift yfirmanns, símanúmer og dags.:

Stundvís: mjög góð/viðunandi/óviðunandi

Hvað finnst ungmennunum um vinnuskólann?

- Að hlusta og taka tillit til skoðana ungmenna er góð leið til að þróa og bæta vinnuskólann og efla áhuga ungmenna.
- Best er að endurmat sé framkvæmt þegar tímabil er hálfnað og í lok þess. Dæmi um formlegt endurmat er að ungmennin svari könnun. Almennt er miðað við að slíkt sé nafnlaust.
- Hér á næstu blaðsíðu fylgja dæmi spurningar fyrir endurmatskönnun.

Dæmi um tölvupóst til að senda foreldrum:

Titill:

„Viðhorf barna til Vinnuskóla [sveitarfélag] [ár - Könnun]“

Efni:

„*Tölvupóstur sendur á foreldra allra ungmenna í vinnuskóla [sveitarfélag, ár]

Vinnuskóli [sveitarfélag] vill stöðugt leita leiða til að auka gæði starfsins, skoðanir ungmennanna gegna þar lykilhlutverki og við óskum eftir því að þú hvetjir þitt ungmenni til að svara eftirfarandi könnun af kostgæfni. Vinsamlega gættu þess að hafa ekki áhrif á svör þess..

Könnuninni er ætlað að kanna viðhorf ungmennanna í vinnuskólanum sumarið [ár]. Könnunin tekur um x mín, hún er nafnlaus og verður opin í 10 daga.

Hlekkur á könnun: _____.

Óformlegt endurmat er líka gagnlegt, það mætti framkvæma með því að spyrja ungmennin í lok hvers dags t.d.:

„Hvað var jákvætt við daginn í dag?“

„Hvað var neikvætt við daginn í dag?“

„Hvað getum við gert betur/öðruvísi á morgun?“

Góð hugmynd:

„Nemendur í Vinnuskóla Grindavíkur hafa lagt sig fram um að halda bænum okkar snyrtilegum í sumar. Þessa vikuna er hefðbundið starf Vinnuskólans brotið upp og settust nemendur t.d. niður í gær með stjórnendum skólans og glímdu við spurninguna hvornig Vinnuskóli Grindavíkur verði draumavinnustaður. Notast var við aðferðafræði sem nefnist heimskaffi þar sem nemendum var skipt niður í hópa sem ræddu sín á milli.

Nemendurnir ræddu fjölmargar hugmyndir sem gætu gert Vinnuskóla Grindavíkur að enn betri vinnustað. Meðal hugmynda sem fram komu voru hærri laun, lengra helgarfrí, lengri kaffitímar, frjáls mæting þegar rignir og að Grindavíkurbær útvegi nemendum snúða í kaffitímum. Stjórnendur Vinnuskólans koma til með að vinna úr hugmyndum nemenda á næstu vikum og hafa þær í huga þegar skipulag næsta sumars er ákveðið.“

Dæmi um spurningar sem endurmatið gæti innihaldið:

Rafræna könnun má setja upp á netinu, t.d. með Google forms eða SurveyMonkey.

Aðstæður vinnuskóla eru ólíkar - **Reynið að hafa ekki óþarfa spurningar heldur veljið úr þær sem eiga best við ykkar starfsemi.**

1. Í hvaða bekk varstu í vor?
 - a. 8. bekk
 - b. 9. bekk
 - c. 10. bekk
2. Hvert er kyn þitt:
 - a. Kvenkyn
 - b. Karlkyn
 - c. Annað
 - d. Kýs að gefa ekki upp
3. Í hvaða skóla varst þú síðasta vetur?
4. Í hvernig hóp starfaðir þú?
 - a. *Dæmi um mismunandi vinnuskólahópa
5. Hvort hentar þér betur
 - a. að vinna stuttan vinnudag yfir lengra tímabil
 - b. að vinna langan vinnudag yfir styttra tímabil
6. Ert þú með einhverjar tillögur um hvað mætti betur fara í vinnuskólanum?
(athugaðu að þú getur hakað við fleiri en einn reit)
 - Leiðbeinendur mættu hafa hlotið meiri þjálfun
 - Fjölbreyttari verkefni
 - Skýrari verklýsingar
 - Skýrari markmið
 - Erfiðari verkefni
 - Léttari verkefni
 - Mikilvægari verkefni
 - Öðruvísi eða betra skipulag
- Öðruvísi hópaskiptingu
 - Betri vinnuaðstöðu
 - Fleiri öryggisráðstafanir
 - Nei, ekkert sérstakt
 - Annað: _____ [auður dálkur]
7. Hefur þú lent í einhverju af eftirtöldu í þínu starfi í sumar?
(athugaðu að þú getur hakað við fleiri en einn reit)
 - Aðkasti með orðum (t.d. einhver sagði eitthvað særandi við þig)
 - Kynferðisleg áreitni í orðum
 - Líkamlegu ofbeldi
 - Stríðni sem lét mér líða illa
 - Lenti í að talað var illa um mig
 - Niðurlægingu
 - Slysi/óhappi sem hefði mátt koma í veg fyrir
 - Útilokun/hunsun
 - Ég tók þátt í einhverju af ofantöldu gagnvart öðrum
 - Ég fann fyrir miklu óöryggi
 - Ég lenti í einhverju slæmu og lét engan fullorðinn vita.
 - Ég lenti í einhverju slæmu og lét fullorðinn vita.
 - Ég lenti ekki í neinu slæmu
 - Annað: _____ [auður dálkur]

8. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um vinnuskólann og hópinn þinn?

- Leiðbeinandinn minn er góð fyrirmynd
- Ég treysti leiðbeinundum mínum vel (*Ef leiðbeinendur eru fleiri en einn má endurtaka tvo fyrstu liðina*)
- Ég veit til hvers var ætlast af mér í vinnuskólanum
- Ég þekki markmið vinnuskólans
- Mér líður/leið vel í vinnuskólanum
- Kaupið sem ég fæ er sanngjarnt.
- Ég hef lært eitthvað nýtt í vinnuskólanum
- Ég held að krökkunum í hópnum mínum hafi liðið vel í vinnuskólanum

- Ég hafði gott af því að vinna í vinnuskólanum í sumar
- Ég hafði almennt áhuga á verkefnum vinnuskólans.
- Ég tel að verkefnin sem við sinntum í sumar séu mikilvæg.
- Ég er hef sterkari skoðanir á umhverfi mínu eftir sumarið
- Yfirmenn mínir gáfu mér rými til að tjá skoðanir mínar á starfsemi vinnuskólans

9. Hvaða verkefnum finnst þér mikilvægt að vinnuskólinn sinni?

10. Hvernig myndir þú vilja breyta skipulagi vinnuskólans?

11. Hvað telur þú að hefði mátt gera betur í vinnuskólanum í sumar?

12. Hvað væri hægt að gera til að vinnuskólinn verði betri næsta sumar?

Endurmat – foreldrar

Sumir vinnuskólar spyrja foreldra/forsjáraðila um álit þeirra á vinnuskólanum.

Einfalt er að gera könnun á netinu, t.d. með Google Forms eða SurveyMonkey og senda hlekk á könnunina til foreldra. Könnunina mætti senda á netföng foreldra þegar tímabilið er hálfnað og/eða við lok þess. Mikilvægast er svo að nýta niðurstöðurnar til að bæta starfið.

Snjallt er að senda þessa könnun út á sama tíma og könnunin fyrir ungmennin er send á foreldra.

Dæmi um spurningar sem könnunin gæti innihaldið:

1. Á hvaða aldri var ungmennið þitt í Vinnuskólanum í sumar?
 - a. Útskrifaðist úr 8. bekk í vor
 - b. Útskrifaðist úr 9. bekk í vor.
 - c. Útskrifaðist úr 10. bekk í vor
 - d. Vil ekki svara
2. Hver var þín upplifun af Vinnuskóla [sveitarfélag] sumarið [ár]?
3. Hefur þú ábendingar um hvað betur megi fara í Vinnuskóla [sveitarfélag]?
4. Hvað fannst ungmenninu þínu um vinnuskólann í sumar?

Dæmi um tölvupóst

Titill:

„Viðhorf foreldra til Vinnuskóla [sveitarfélag] [ár] - Könnun“

Efni:

„*Tölvupóstur sendur á foreldra allra barna í vinnuskóla [sveitarfélag, ár]

Könnuninni er ætlað að kanna viðhorf foreldra og forsjáraðila nemenda í vinnuskólanum sumarið [ár]. Könnunin er nafnlaus og verður opin í 10 daga.

Hlekkur á könnun: _____.“

Hvernig fyrirmynd ætlar þú að vera í sumar?

Hugleiðing fyrir flokkstjóra

Í sumar verður þú, sem flokkstjóri, í miklum samskiptum við ungmenni. Veltu fyrir þér og svaraðu eftirfarandi spurningum:

- Hvernig fyrirmynd vilt þú vera fyrir ungmennin?
- Hvernig getur þú orðið sú fyrirmynd?
- Varst þú í vinnuskóla þegar þú varst ungmenni? Ef svo er rifjaðu upp hvað var jákvætt og eftirminnilegt við flokksstjórann þinn?
- Hvernig fyrirmynd hefðir þú viljað eiga í flokkstjóra þínum þegar þú varst ungmenni í vinnuskóla?

Minnispunktur við skipulagningu vinnuskóla

Hér er blað sem stjórnendur og yfirmenn vinnuskóla geta nýtt sér við skipulagningu starfsins. Gott er að eiga samráð við ungmennin um sem flest af þessum atriðum

1. Hver eru markmið vinnuskólans:
2. Hver eru gildi vinnuskólans:
3. Hvernig ætlar sveitarfélagið að uppfylla markmið vinnuskólans:
4. Hvaða fræðslu fá flokkstjórar áður en þeir hefja störf?
5. Er litið á ungmennin sem starfsfólk eða nemendur eða bæði, ef bæði - hvort vegur þá þyngra? Ræðið (Hér er ekki endilega eitt rétt svar, en gott er að það sé sameiginlegur skilningur allra sem koma að vinnuskólanum)
6. Hvert er hlutfall fræðslu annarsvegar og vinnu hins vegar í vinnuskólanum?
7. Hvenær fer fram endurmat á starfsemi skólans meðal ungmenna og flokksstjóra (t.d. um mitt tímabil og við lok þess)?
8. Hvað ætlið þið að gera við niðurstöður endurmatsins?
9. Hverjar eru reglur vinnuskólans?
10. Hvernig á að bregðast við agabrotum?
11. Daglegir fastir liðir við upphaf vinnudags:
12. Daglegir fastir liðir við lok vinnudags:
13. Fastir liðir í upphafi/lok viku:
14. Hugmyndir að umbun fyrir vel unnin störf:
15. Hafði þið kynnt ykkur þær reglur sem gilda um vinnu barna og unglinga?

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/426-1999>

16. Hver er yfirmaður flokkstjóra/skólastjóra?
17. Hvaða viðbragðsáætlun tekur gildi ef starfsmaður undir 18 ára verður fyrir slysi?
18. Hvaða samskipti ætlið þið að hafa við foreldra?
19. Hvernig ætlar sveitarfélagið að tryggja þátttakendur vinnuskólans gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir í starfinu?
20. Hvaða árgangar fá störf við vinnuskólann í sumar og hve lengi?
21. Hvernig reiknast laun starfsmanna og hvernig er ætlunin að útskýra fyrir ungmennum og foreldrum þeirra að þau séu með lægri/hærri laun en ungmenni í næsta sveitarfélagi?
22. Hverjar eru reglur yfirmanna ungmennanna? Siðareglur o.þ.h.
23. Hver er trúnaðarmaður ungmennanna, sem þau geta leitað til ef þau þurfa að tilkynna um óæskilega hegðun yfirmanns?
24. Hvaða verkefnum sinnir vinnuskólinn? Hafa ungmennin eitthvað um það að segja hvað verður á verkefnalista hópsins?
25. Ímynd vinnuskólans: Hvað viljið þið að vinnuskólinn verði þekktur fyrir? Hvernig mætti stuðla að því?
26. Eigið þið sjúkratösku til að hafa meðferðis? Vitið þið hvað er í sjúkratöskunni?
27. Hver ber ábyrgð á að afhenda ungmennunum þann öryggisbúnað sem þau þarfnast og eiga rétt á (heyrnarhlífar, öryggisskó, hanska o.s.frv.)?
28. Hvaða starfsmaður ber ábyrgð á því að áhættumat sé framkvæmt áður en vinnuskólinn hefst?
29. Hvað verður í boði fyrir ungmenni sem hafa ofnæmi fyrir gróðri? Hvað verður í boði fyrir ungmenni með aðrar sérþarfir? Verða sérhæfð störf í boði fyrir ungmenni sem sýna mikinn metnað og áhuga fyrir ólíkum viðfangsefnum? Verða fleiri valkostir í boði fyrir 10. bekkinga/þau sem eru að mæta í vinnuskólann þriðja árið í röð?

Ef þú ætlar að ræða við ungmenni um störf þeirra

Þá er gott að hafa eftirfarandi í huga:

Reyndu að ...	Ekki ...
Velja opið svæði fyrir samtalið, t.d. rétt hjá þar sem hópurinn er að störfum.	vera tvö ein í lokuðu rými. Verið þar sem aðrir sjá greinilega til ykkar.
Setja fram uppbyggilegar og skýrar athugasemdir um leiðir til að bæta hegðun og frammistöðu viðkomandi	gagnrýna einstaklinginn eða persónulega eiginleika hans og segja t.d. „þú ert algjör letingi.“
Velja orð þín af kostgæfni. Orð þín geta haft mikil áhrif. Fá en vel valin orð geta gert gæfumun.	tala um allt og ekkert þegar kemur að gagnrýni á hegðun ungmennisins. Mundu að orð þín gætu haft mikil áhrif.
Beita sanngirni. Mundu að þetta er persónulegt álit þitt.	vera ósanngjarn eða alhæfa, t.d. með því að segja „alltaf“ eða „aldrei“ eða „allir aðrir“.
Að hafa í huga að ungmennið hefur e.t.v. aldrei verið í þessum aðstæðum áður og veit ekki við hverju er að búast. Þetta á að vera uppbyggilegt samtal þar sem báðir aðilar fá að tjá sig.	grípa fram í fyrir ungmenninu ef það vill tjá sig um endurgjöfina
Settu fram skýrar og vandaðar athugasemdir um leiðir til úrbóta.	vera með óskýrar kröfur og væntingar enda er tilgangurinn að rýna til gagns.
Að setja fram einlægt mat sem byggir á því sem þú hefur séð og orðið vitni af. Ekki giska ef þú veist ekki eitthvað.	segja að allt sé í lagi þegar það er ekki.
Bera störf ungmennisins saman við fyrirfram ákveðnar væntingar sem þú hefur um <i>hvernig starfsfólk á að vinna</i> . Miðaðu við þær upplýsingar/leiðbeiningar sem þau fengu í upphafi vinnuskólans.	bera ungmennið saman við önnur ungmenni.
Sjá til þess að ungmennið viti hvað felst í því að starfa hjá vinnuskólanum.	æsa þig eða eiga samtal um frammistöðu ungmennanna ef þú ert í ójafnvægi.
Ræða um tillögur að því hvernig megi gera betur áður en samtalinu lýkur. Fá ungmennið sjálft til að koma með tillögur.	enda samtalið án þess að það hafi komið niðurstaða um hvað sé hægt að gera til að bæta störf viðkomandi.
Að hlusta af virðingu og athygli á það sem ungmennið segir, mögulega hefur það réttmæta gagnrýni á starfið sem jákvætt væri að taka til skoðunar.	hunsa ungmennið þegar það reynir að tjá sig um starfið og/eða tilfinningar tengdar starfi og starfsumhverfi.
Að hefja setningar á „ég“ (... kann að meta þegar þú gengur vel frá verkfærunum.) þegar þú tjáir skoðun þína.	hefja samtöl á „þú“ (... gengur svo illa frá verkfærunum). Byrjaðu setninguna á mýkri hátt.